Helstu fréttir
Sveitarfélagið Stykkishólmur

9. tbl. 4. árg. 12. október 2026



Starfsfólk skólans kastaði litadufti yfir brosmilda nemendur sem nutu sín vel í hlaupinu.

Litahlaup Grunnskólans í Stykkishólmi

Föstudaginn 18. september síðastliðinn var Litahlaup Grunnskólans í Stykkishólmi haldið í fyrsta sinn. Dagurinn var fyrsti uppbrotsdagur skólaársins en undanfarin ár hefur verið skólahlaup á þessum degi. Margir þekkja eflaust Color Run sem haldið hefur verið í Reykjavík og notið mikilla vinsælda. Litahlaup skólans er haldið að fyrirmynd Color Run en í hlaupinu voru fimm litastöðvar þar sem dufti í öllum regnboganslitum var kastað yfir hlaupara. Hlaupahringurinn var 1,6 km að lengd en nemendum var frjálst að hlaupa eins marga hringi og þeir vildu. Að hlaupi loknu var nemendum boðið upp á hádegishressingu við skólann.

Fjöldi íbúa fylgdust með af hliðarlínunni og hvöttu krakkana áfram. Litahlaup á vegum grunnskóla hafa verið haldin víða um land undanfarin ár og meðal annars í Grundarfirði við mikla hrifningu bæjarbúa. Hlaupið gekk vel fyrir sig og höfðu bæði nemendur og áhorfendur gaman af. Gera má ráð fyrir að litahlaupið sé komið til að vera.

Góð mæting á danssýningu



Ungir og efnilegir dansarar

Danssýning fór fram í íþróttamiðstöðinni í Stykkishólmi í lok september. Þar sýndu nemendur 1.-7. bekkjar afrakstur danskennslu sem fram hefur farið undanfarin misseri í skólanum. Venju samkvæmt var það Jón Pétur sem stýrði viðburðinum en hann fyrir löngu síðan orðin Hólmurum velkunnur enda hefur Dansskóli Jóns Péturs og Köru sinnt danskennslu í grunnskóla og leikskóla í Stykkishólmi í áraraðir. Í máli Jóns Péturs á sýningunni kom fram að danskennsla skólanna væri nauðsynlegur undirbúningur fyrir þorrablótin sem nemendur koma eflaust til með að sækja þegar fram líða stundir.

Afar góð mæting var á viðburðinn en full stúka fylgdist með glæsilegum danssporum ungu kynslóðarinnar áður en Jón Pétur bauð áhorfendum öllum upp í dans. Sameinuðust þá kynslóðir í léttum dans og höfðu viðstaddir gaman af.

Gjaldskrárhækkanir takmarkaðar



Ráðhúsið í Stykkishólmi.

Bæjarstjórn Stykkishólms samþykkti á fundi sínum 1. október að hækkanir almennra gjaldskráa sveitarfélagsins verði að hámarki 2,5% árið 2027. Verður það lagt til grundvallar við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2027 í samræmi við forsendur fjárhagsáætlunar sem lágu til afgreiðslu á fundinum.

Bæjarstjórn telur mikilvægt að sveitarfélagið taki þátt í sameiginlegu átaki til að ná niður verðbólgu og vöxtum, verja kaupmátt heimilanna og stuðla að því að gildandi kjarasamningar haldi. Við fjárhagsáætlunarvinnuna verða jafnframt metin áhrif gjaldskráa á barnafjölskyldur og fólks í viðkvæmri stöðu.

Árangur í þessum efnum er háður samstilltum aðgerðum ríkis, sveitarfélaga og atvinnulífs. Bæjarstjórn skorar því á ríkisvaldið og stofnanir þess að sýna sambærilegt aðhald við ákvörðun gjaldskráa og endurskoða fyrirhugaðar hækkanir gjalda og álaga sem hafa bein áhrif á heimilin.

Hannesarsteinn var færður til



Hannesarsteinn færður.

Hannesarsteinn, sem staðið hefur við Stykkishólmsveg við afleggjarann að kirkjugarði og Nýrækt, var færður að morgni dags miðvikudaginn 17. september. Eins og fram hefur komið á vef sveitarfélagsins þurfti steininn að víkja vegna framkvæmda sem nú standa yfir við Stykkishólmsveg.

Ákvörðunin um að færa steininn vakti nokkrar umræður í samfélaginu. Ýmsar vangaveltur spruttu upp, þar á meðal hvort um gæti verið að ræða álagastein eða jafnvel hvort álfabyggð leyndist í steininum. Eins heyrðust áhyggjuraddir um að það sem sæist af steininum væri aðeins „toppurinn af ísjakanum“, eða að um klöpp væri að ræða sem ekki yrði auðveldlega haggað.

Steinninn reyndist þó minni en margir höfðu gert sér í hugarlund en þrátt fyrir það þótti hann óvenju þungur miðað við stærð. Það kom þó ekki að sök og gekk flutningurinn vel. Það má jafnvel segja að Hannesarsteinn hafi staðið undir nafni, enda var hann fremur stuttur, líkt og Hannes „stutti“ Hannesson sem steininn er kenndur við.

Steinninn var aðeins færður skammt út fyrir framkvæmdasvæðið en gert er ráð fyrir að hann verði síðar færður á endanlega staðsetningu þegar ný hönnun á göngustíg meðfram veginum liggur fyrir.

Ungmennaþing Vesturlands



Ungmennaþing Vesturlands var haldið á Hótel Borgarnesi helgina 25.-27.september. Sveitarfélagið Stykkishólmur sendi öfluga fulltrúa á þingið.

Um er að ræða samstarfsverkefni sveitarfélaga á Vesturlandi, Ungmennaráðs Vesturlands og Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) og er fjármagnað af Sóknaráætlun Vesturlands.Markmið með þinginu er að fá ungt fólk af öllu Vesturlandi saman, stuðla að uppbyggingu í þágu ungs fólks á öllu Vesturlandi, skapa vettvang fyrir samtal ungmenna við ráðamenn, kynnast öðrum ungmennum, njóta og hafa gaman.

Náttúrustofuþing haldið á Fosshótel Stykkishólmi



Samtök náttúrustofa standa fyrir opinni ráðstefnu á Fosshóteli í Stykkishólmi miðvikudaginn 14. október. Á ráðstefnunni verða kynnt nokkur af þeim fjölmörgu og fjölbreyttu verkefnum sem náttúrustofurnar standa fyrir en náttúrustofurnar eru átta talsins og starfa í öllum landshlutum. Fundarstjóri er Gretar D. Pálsson. Aðgangur ókeypis. Öll velkomin. Dagskrá hefst kl. 10:15 og stendur til 16:20. Dagskrá má kynna sér nánar á vef sveitarfélagsins.

Óskahelgi í lok október



Helgina 30. október til 1. nóvember bjóða Hólmarar gestum og gangandi til veislu fyrir öll skilningarvit þegar Óskahelgin fer fram í Stykkishólmi. Á dagskrá er fjölbreytt úrval viðburða og afþreyingar þar sem ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Meðal þess sem boðið verður upp á um helgina er ganga á Helgafell, sjósund og sauna, náttúruhlaup í Nýrækt, pubquiz og sýningaropnun í Norska húsinu. Þetta er þó aðeins brot af því sem verður í boði, en markmiðið er að skapa líflega helgi þar sem gestir geta notið útivistar, menningar, samveru og mannlífsins í Stykkishólmi. Það er félag atvinnulífs í Stykkishólmi sem stendur fyrir óskahelginni. Hægt er að kynna sér dagskránar nánar á vef sveitarfélagsins. Skipuleggjendur hvetja gesti til að panta sér borð á veitingastöðum bæjarins og gistingu tímanlega.

Auglýsing um skipulag

Á 47. fundi bæjarstjórnar þann 30. apríl 2026 var samþykkt að auglýsa eftirfarandi deiliskipulagsbreytingar, skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vatnsás í Víkurhverfi
Breytingin nær til svæðis syðst í Víkurhverfi. Skipulagssvæðið minnkar þar sem stór hluti svæðisins er illbyggilegur, göturnar Móvík og Sundvík falla út, fjöldi íbúða fer úr 21-32 í 14-28 og heimilt er að byggja parhús og einbýli. Lóðin R1 helst óbreytt í stærð en fer úr 2-4 íbúðir í 3-6. (Mál nr. 1120/2026 í Skipulagsgátt).

Verslunar- og þjónustusvæði við Klapparás
Breytingin nær til lóða 2 og 3. Lóð 2 stækkar og lóð 3 minnkar og er skipt í tvær lóðir 3 og 3a. Á lóð 2 er fyrir bensínstöð og verður heimilt að byggja bílaþvottastöð á lóðinni að hámarki 80 m2 að stærð. Þar verður enn fremur leyfilegt að vera með 8-9 stæði fyrir hleðslustöðvar. Á lóð 3 er heimilt að vera með hraðhleðslustöðvar fyrir fólksbíla og fellur byggingarreitur niður. Lóð 3a er heimilt að vera með spennistöð og er afmarkaður 22 m2 byggingarreitur. (Mál nr. 1119/2026 í Skipulagsgátt).

Hagsmunaaðilar hvattir til að kynna sér tillögurnar
Þau sem telja sig eiga hagsmuna að gæta eru hvött til að kynna sér tillögurnar á vef sveitarfélagsins (www.stykkisholmur.is) og á Skipulagsgáttinni (www.skipulagsgatt.is)
Athugasemdafrestur er til og með 12. nóvember 2026 og er eingöngu tekið við athugasemdum í gegnum Skipulagsgáttina.

Opið hús verður þriðjudaginn 20. október 2026 í Amtsbókasafninu í Stykkishólmi frá kl. 17:00 – 18:00, þar sem tækifæri gefst til þess að kynna sér tillögurnar.

Þuríður Ragna Stefánsdóttir
Skipulagsfulltrúi Sveitarfélagsins Stykkishólms.

Fréttir og umbrot blaðsins annast Jón Sindri Emilsson, aðstoðarmaður bæjarstjóra